

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins í London 21. mars

Hinn árlegi fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins fór að þessu sinni fram í London. Á meðal helstu dagskrármála fundarins voru umræða um ábendingar framkvæmdastjóra NATO við tillögum að stefnumótun bandalagsins sem samþykktar voru af NATO-þinginu árið 2014, hvernig NATO hefur tekist að framkvæma þau áhersluatriði sem samþykkt voru á leiðtogafundi bandalagsins í Wales, ástandið í Úkraínu og samskipti NATO-þingsins við Rússa. Auk þess fór fram umræða um starfsáætlun NATO-þingsins fyrir árið 2015 og fyrri hluta árs 2016 og fjárhagsáætlun þingsins. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti fundinn Þórunn Egilsdóttir, auk Örnú Gerðar Bang ritara.

Thomas Jopling, lávarður bauð fundargesti velkomna til London og lagði áherslu á mikilvægi samstöðu aðildarríkja NATO-þingsins á tímum óróleika og breytinga í landfræðipólítík og alþjóðastjórnámálum. Michael Turner, forseti NATO-þingsins, ræddi m.a. um samskipti NATO-þingsins við Rússa í ljósi atburða síðasta árið. Nefndarmenn voru sammála um að ekki væri hægt að halda samskiptum við Rússa óbreyttum eftir innlimun þeirra á Krímskaga enda kusu nefndarmenn einróma á stjórnarnefndarfundum NATO-þingsins í apríl 2014 með því að Rússar misstu stöðu sína sem aukaaðildarríki að NATO-þinginu. Framkvæmdastjórn NATO-þingsins var þá falið að hitta fulltrúa rússneska þingsins og útskýra ákvörðun þingsins fyrir þeim og ræða framtíðarsamskipti en síðan þá hafa Rússar ekki sýnt áhuga á frekara samstarfi. Með ákvörðun þingsins var nágrannaríkjum Úkraínu og Rússlands í Austur-Evrópu einnig sýndur stuðningur. Turner sagði samvinnu NATO og Úkraínu afar mikilvæga og lagði áherslu á mikilvægi áframhaldandi stuðnings bandalagsins fyrir úkraínsku þjóðina.

Þá var rætt um starfsemi, umræðuefni og áherslur NATO-þingsins fyrir seinni hluta ársins 2015 og fyrri hluta árs 2016. Síðustu ár hafa málefni Afganistan verið stærsta verkefni NATO og verður áfram mikilvægt viðfangsefni þó þáttaskil hafi átt sér stað í árslok 2014 með yfirfærslu öryggismála til Afgana. Bæði varnar- og öryggismálanefnd og nefnd um borgaralegt öryggi munu vinna að skýrslu um þróun mála í Afganistan auk þess sem fyrirhugað er að heimsækja landið í árslok. Sérstök kynning fór fram á skipulagi vorþingsins sem haldið verður í Búdapest 15. - 18. maí nk. Þingið mun fara fram með hefðbundnum hætti og gengur undirbúningur vel en fyrirhugað er að bæði utanríkisráðherra, varnarmálaráðherra og forsætisráðherra Ungverjalands ávarpi þingið. Jafnframt fór fram umræða um 60 ára afmæli NATO þingsins 2015 og voru nefndarmenn hvattir til að sækja sérstakan afmælisfund sem franska þingið mun halda í París 18. júlí nk. en þann dag verða 60 ár liðin frá því að NATO-þingið kom fyrst saman í París 1955.

Jafnframt var fjallað um umsókn Palestínu um áheyrnaraðild að NATO-þinginu og verður umræðu um málið haldið áfram á vorþingi NATO-þingsins í maí nk. Alls eiga þjóðþing 13 ríkja aukaaðild að NATO-þinginu eftir ákvörðun fundarins um að Rússland væri ekki lengur eitt þeirra.

Þá tók til máls danski þingmaðurinn John Dyrby Paulsen og lýsti yfir undrun og áhyggjum af ummælum Mikhail Vanin, sendiherra Rússlands í Kaupmannahöfn, þann sama dag, þar sem hann boðaði í Jyllands-Posten að dönsk herskip kynnu að verða skotmörk rússneskra kjarnorkuflauga ef Danir tækju þátt í eldflaugavörnum NATO. Hann sagði fráleitt að setta sig við að vera hótað með svo alvarlegum hætti. Boðskapur sendiherrans var aðalfréttin í dönskum fjölmiðlum auk þess sem hann vakti athygli m.a. í Noregi og höfuðstöðvum NATO í Brussel. Paulsen taldi afar ólíklegt að ummælin hefðu áhrif á ákvarðanir danskra stjórnvalda varðandi þátttöku í eldflaugavörnum NATO. Í framhaldinu fór fram umræða um samband NATO við Rússa sem nefndarmenn voru sammála um að geti ekki talist gott og kallaði á að taka

þurfi á málum með hliðsjón af því að ekki sé lengur hægt að líta á Rússa sem samstarfsaðila. Rætt var um hvernig hægt væri að ná utan um núverandi ágreining og að NATO-ríkin gætu í því sambandi neyðst til að móta nýja Rússlandsstefnu.

Loks var farið yfir fjármál NATO-þingsins og ársreikning fyrir árið 2014 sem var samþykktur samhljóða. Þá var vakin athygli á því að fjárhagsáætlun NATO-þingsins hefur ekki hækkað síðastliðin fjögur ár þrátt fyrir verðbólgu og skilaði afgangi fyrir árið 2014.

Vorþing NATO-þingsins verður haldið í Búdapest 15. – 18. maí nk. Frekari upplýsingar fást hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.nato-pa.int.
